

HJÚKRUNARKVENNALÖG

27

19. júní

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarendi almennum hjúkrunarkvenna-störfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

27

19. júní

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

28

19. júní

L Ö G

um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kaптúnum og sjávarþorpum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum, kaптúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malar-taka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnar-gerða eða annara mannvirkja.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofan-greind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hrepps-nefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þyk-ir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamála-stjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.